

JÓLASAGA

I

Þetta er saga af fólki á ferð, mjög mörgu og margvíslegu. Og margvíslegt var ferðalagið. En þó lauk því fyrir öllu ferðafólkinu eins. Jörðin gleypti það allt saman. Sumt fólkið gleypti jörðin allt í einu, en fleira var það þó, sem hún var lengi að gleypa, og kramdi í sig og marði, smátt og smátt. Og hræðileg vein mátti þar heyra víða, og margir báðu guð að hjálpa sér.

Maður gaf sig fram meðal fólksins, og fór að reyna til að segja því það sem enginn hafði vitað áður. Heimurinn er óendanlegur, sagði hann, og þetta sem þið kallið fastastjörnur er allt saman sólr. Og hann fór að reyna að skýra, hvernig þessi fróðleikur stæði í sambandi við ferðalagið. Flest gaf ferðafólkið orðum þessa manns alls engan gaum, en þó voru sumir, sem veittu orðum hans nokkra eftirtekt. Og þeir brugðust reiðir við og sögðu, þetta er skaðleg vitleysa sem þessi maður er að kenna. Og þeir tóku hann og kvöldu til dauða í eldi. Og þeir horfðu á hann brenna, og fögnuðu yfir því, að þessi vondi maður skyldi fá þau laun sem hann átti skilið. Því að þeir héldu að þetta væri vondur maður. Hugarfarið var nokkuð líkt og er hjá þeim, sem tigna andskotann en fyrirlíta guð.

Og ferðinni var haldið áfram. En þó gekk nú allt ennþá ver en áður. Jörðin gleypti fólkið enn þá óðar og ógurlegar, og hræðileg voru hljóðin og veinin. En engum kom til hugar, að þessir auknu erfiðleikar ferðalagsins stæðu í neinu sambandi við meðferðina á manningum, sem var að reyna til að segja ferðafólkinu, það sem enginn hafði vitað áður. Enginn skildi, að það sem gert hafði verið, var að ónýta

tilraun guðs til að hjálpa fólkinu. Því að maðurinn sem þeir brenndu, var einmitt þesskonar tilraun.

II

Nú segir af manni, sem uppi var löngu seinna, og þótti þetta ferðalag undarlegt mjög, og því undarlegra, því lengur sem hann ferðaðist. Og hann ásetti sér að hann skyldi umfram allt, reyna til að skilja hvaða ferðalag þetta væri, og hvernig á því gæti staðið, að það skyldi vera svona voðalegt. Og hann gekk burt frá öðru fólki og upp eina brekku og svo aðra, og freistaði hvort hann gæti ekki komist þangað, sem sjá mætti yfir, og átta sig á ferðalaginu. Og loks tókst þetta. Loksins kom hann þar sem útsýni var svo mikið, að hann gat áttað sig. Og hann sá, að þessir hræðilegu örðugleikar ferðalagsins, komu af því, að verið var á rangri leið. Og ennfremur sá hann glögglega, að ef haldið yrði áfram þessa leið, sem nú var farin, þá mundu örðugleikarnir alltaf verða meiri og meiri. Hann sá, að lengra fram á þessari leið, gleypiti jörðin fólkið á ennþá ógurlegri hátt en áður, og hafði hann þó haldið, að ekki yrði á það bætt. Hann sá að þetta var helvegur, sem farinn var, og eigi einungis það, heldur vegur alltaf harðari heljar.

En svo sá hann einnig, að það er til önnur leið, ótrúlega dýrðleg. Við hvert spor, sem farið er á þeirri leið, eykst ferðafólkinu vit og afl og fegurð. Og hann sá, að svo mundi verða á þeirri leið óendanlega.

III

Maðurinn ásetti sér nú að fara og segja samferðafólkinu frá því, sem hann hafði séð, og reyna að fá það til að breyta stefnunni, þannig að það kæmist á leiðina þar sem þjáningin verður að engu og dauðinn er sigraður. Í fyrstunni veitti fólkið orðum hans litla eftirtekt, og hélt helst að þarna mundi vera maður, sem væri ekki með öllum mjalla. En þegar maðurinn gafst ekki upp við þessa tilraun sína, þó að þungt væri fyrir, þá fór fólkið að hlusta með nokkurri eftirtekt. Og þeir sem vitrastir voru, hlýddu jafnvel fúslega á mál

hans og sögðu að þannig hefði varla talað verið áður. En þó lögðu jafnvel hinir vitrustu ekki þá alúð við sem verið hefði, ef þeir hefðu vitað hvað við lá að skilja, hverskonar sannleikur það er, sem þarna var verið að segja. Og við þetta sat, þegar ég vissi síðast til. En segja mun ég sögu þessa lengra fram, þegar mér er kunnugt orðið um framhaldið.

Á jólunum '22